



Aðgerðaráætlun 2024

Umhverfissvið

Dags. 31.05.2024

Stöðuskýrsla maí 2024

Stefna umhverfissviðs sem var samþykkt 12.10.2021, byggir á heildarstefnu Kópavogsbæjar sem samanstendur af hlutverki, framtíðarsýn, gildum og yfirmarkmiðum sem eru fengin úr Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Á grundvelli stefnu Umhverfissviðs eru unnin aðgerðaráætlun fyrir sviðið árlega. Skilgreind eru mælanleg markmið fyrir allar stefnuáherslur ásamt aðgerðir. Einnig eru settir mælikvarðar og nánari verkliðir svo hægt sé að fylgjast með og mæla framgang aðgerða. Notast er við Decide act og Nightingale forrit fyrir mælingar á framgangi. Hugbúnaðurinn gefur yfirsýn yfir framgang aðgerða sem eru skilgreind í aðgerðaráætlunum.

Hér að neðan er gert grein fyrir stefnu umhverfissviðs sem inniheldur 6 stefnuáherslur.

Í kassa undir hverri stefnuáherslu er gert grein fyrir mælanlegu markmiði sem sett er í aðgerðaráætlun 2024. Í lokin er gert grein fyrir mælingum á skilgreindum aðgerðum tengt mælanlegu markmiði.

U.1 Umhverfið og góð þjónusta í forgangi

Umhverfissvið Kópavogs veitir fjölbreytta þjónustu til íbúa og annarra aðila sem þurfa þjónustu sviðsins. Þjónustan skal vera skipulögð þannig að hún mæti þörfum notenda á skilvirkan hátt. Í því felst að hún berist notandanum á tilsettum tíma og sé samfelld. Þjónustan er veitt á grundvelli laga um mannvirki nr. 160/2010, skipulagslögum nr. 123/2010 og stjórnsýslulög nr. 37/1993. Umhverfissvið hefur umsjón með leyfisveitingum og framkvæmdum innan sveitafélagsmarka Kópavogs ásamt því að vinna að skipulagi bæjarlandsins og almennum rekstri samgöngu- og veitukerfa.

U.1.1 – Tryggja bæjarbúum góða innviði

Stefnt er að því að fasteignir, götur og þjónustuhúsnaði sveitarfélagsins séu vel við haldin og að viðbragðstími sé viðunandi og boðleiðir stuttar. Hugað skal að fjölbreyttum þörfum við uppbyggingu innviða sveitarfélagsins.

Aðgerðaráætlun 2024 -mælanlegt markmið 2024

U.1.1.1 Yfirfara og bæta verkferla þegar kemur að eftirliti og verkefnastýringu til að fá betri yfirsýn og móta heildarverkferil fyrir stýringu verkefna
--

Staða maí 2024: Verkefni í vinnslu.



U.1.2- Stuðla að sjálfbærara bæjarfélagi

Lögð er áhersla á að bjóða íbúum sveitarfélagsins upp á fjölbreyttar og umhverfisvænar samgöngur, meðal annars með því að vera í forystuhlutverki þegar kemur að umhverfi Borgarlínu í Kópavogi og samgöngur er hana varðar. Unnið verður að umhverfisvænni sorphirðu við undirbúning að samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu.

Aðgerðaráætlun 2024 -mælanlegt markmið 2024

U.1.2.1 Endurmenntun - sjá til að starfsmenn séu upplýstir um nýjar umhverfisvænar og sjálfbærar lausnir

Staða maí 2024: **Gott skipulag hefur verið á því að senda starfsmenn á námskeið sem nýtist í starfi með ýmsum hætti. Verkefnið hefur gengið vel hingað til og heldur vinnan áfram, bæði að senda starfsmenn á námskeið en jafnframt að fá kynningar fyrir hluta starfsmanna og sviðið í heild eftir því sem við á.**



U.1.2.2 Koma á kröfum til framkvæmdaáðila í bænum um umhverfissjónarmið og kolefnisspor inn í samninga fyrir árslok 2024

Staða maí 2024: **Verkefnið er í vinnslu.**



U.1.3 - Skilvirk þjónusta

Mikilvægt er að nýta þá tækni sem er til staðar til að auðvelda samskipti, skilvirkni og gegnsæi, bæði fyrir starfsfólk umhverfissviðs ásamt þeim sem nýta sér þjónustu sviðsins. Lögð er áhersla á að koma samskiptum yfir á rafrænt form þannig að þjónustuþegar sveitarfélagsins hafi jafna möguleika á að nýta sér þjónustu sviðsins. Með því að auðvelda þjónustuþegum aðgang að umhverfissviði hafa þeir frekari mögulega á þátttöku í skipulags- og byggingamálum. Stuðlað verði að aukinni símenntun starfsmanna er viðkemur rafrænum skráningum og samskiptum.

Aðgerðaráætlun 2024 -mælanlegt markmið 2024

U.1.3.1 Yfirfara verkferla og búa til þá verkferla sem vantar til að bæta skilvirka þjónustu

Staða maí 2024: **Verkefnið er í vinnslu.**



U.2 Umhverfisvæn uppbygging

Framkvæmdadeild sér um áætlunargerð, þarfagreiningu verkefna, útboð og innkaupamál vegna hönnunar og stofnframkvæmda. Auk þess sér framkvæmdardeild um að framkvæma stærri verk og viðhaldsverkefni, fylgja þeim eftir og afhenda til rekstraraðila. Framkvæmdadeild þjónustar innri hagsmunaaðila Kópavogsbæjar við ráðleggingar og tillögur varðandi framkvæmdir og skuldbindingar.



Einnig veitir deildin innri- og ytri hagsmunaaðilum þjónustu varðandi landupplýsingar og við gerð hæða- og mæliblaða. Þjónustan er veitt á grundvelli laga um mannvirki nr. 160/2010, lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998

U.2.1 Áhersla á þarfir og umhverfi notenda

Að byggingar og íþróttamannvirki uppfylli þarfir og kröfur íbúa og þjónustuþega. Einnig verði allar framkvæmdir í samræmi við skipulag og uppbyggingaráform nýrra hverfa. Mannvirki eru byggð með hagkvæmni og sjálfbærni að leiðarljósi. Leitast verður eftir auknu samstarfi við innri hagsmunaaðila og þarfagreining unnin í samvinnu við þá. Nýframkvæmdir á vegum Kópavogsbæjar uppfylla kröfur umhverfisvottunar.

Aðgerðaráætlun 2024 -mælanlegt markmið 2024

U.2.1.1 Auka samráð í fjárfestingaverkefnum með útgáfu ferla og verklagsreglna sem gera ráð fyrir aukinni aðkomu hagsmunaaðila.

Staða maí 2024: **Nýr verkferill er í vinnslu og langt kominn.**



U.2.2 Uppbygging gatna og veitna

Lögð verður áhersla á hagsmuni gangandi, hjólandi, notenda almenningssamgangna og einkabíls við uppbyggingu gatna. Götur verða skipulagðar og hannaðar með hliðsjón af samgöngustefnu Kópavogsbæjar. Gæði og afhendingaröryggi á vatni verða tryggð og allt húsnaði Kópavogs skal tengt við fráveitu.

Aðgerðaráætlun 2024 -mælanlegt markmið 2024

U.2.2.1 Að markvisst verði farið í að skoða fráveitulagnir bæjarins og skráð hvar endurnýjunar er þörf þannig að 100% fráveitulagna hafi verið yfirfarnar í lok 2028 , fyrir árslok 2024 verður 20% fráveitlagna verið yfirfarnir.

Staða maí 2024: **Búið er að yfirfara 25% fráveitulagna bæjarins, skemmdir lagfærðar og gerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða minnka hættu á fitusöfnun í lögnum bæjarins.**



U.2.3 Aðgengi uppfærðra gagna

Stefnt er að því að mæli- og hæðarblöð séu gerð um leið og skipulag liggur fyrir eða við endurnýjun lóðaleigusamnings. Tryggt sé að öll mæli- og hæðarblöð séu aðgengileg íbúum og öðrum notendum. Einnig er lögð áhersla á að kortavefurinn sé uppfærður með nýjustu gögnum og að tekið sé við gögnum frá Þjóðskrá og Fasteignaeftirlitinu sem séu öllum aðgengileg.

Aðgerðaráætlun 2024 -mælanlegt markmið 2024

U.2.3.1 að auka nýtingu landupplýsingakerfis hjá starfsmönnum umhverfissviðs og að 30% af starfsmönnum umhverfissviðs hafi setið námskeið á árinu 2024.

Staða maí 2024: **Nú þegar hafa hluti starfsmanna setið námskeið og er unnið að því að fjölga þeim starfsmönnum sem sitja námskeið. Til skoðunar er að fá kynningu fyrir viðeigandi starfsmenn á kerfinu, meðal annars m.t.t. til innleiðingar á nýju kerfi hjá Húsnaðis- og mannvirkjastofnun.**



Q1		Q2		2024		Q3		Q4	
U.2.3.1.1 Landupplýsingastjóri í samræði við Deildarstjóra fíni og auglýsi námskeið, og þjóði starfsmönnum námskeið.									

U.3 Áhersla á umhverfismál og umferðaröryggi

Gatnadeild veitir íbúum sveitarfélagsins og fyrirtækjum margþætta þjónustu. Grunnur að þjónustu gatnadeildar er að vegfarendur og íbúar sveitarfélagsins telji sig örugga við leik og störf. Lagður er metnaður í að veita íbúum skjót svör við ábendingum sínum. Þjónustan er veitt á grundvelli laga um mannvirki nr. 160/2010, vegalög nr. 80/2007 og lög um vatnsveitur sveitafélaga nr. 32/2004.

Gatnadeild sér um rekstur, viðhald og hirðingu bæjarlands utan lóða, samgöngumannvirkja og allar eignir sem því tengjast. Einnig sér deildin um rekstur og viðhald lóða stofnana bæjarins. Gatnadeild sér um rekstur þjónustumiðstöðvar, vatnsveitu, Bílastæðasjóðs og Vinnuskóla. Gatnadeild sér enn fremur um sorphirðu, mengunarvarnir og uppgræðslu á bæjarlandi.

U.3.1 Áframhaldandi áhersla á umhirðu, aðgengi og aðstöðu

Stefnt er að því að haldið sé vel við opin svæði í Kópavogi er varðar t.d. grasslátt og umhirðu gróðurs. Íbúum verður gefið tækifæri til að kolefnisjafna neyslu sína með gróðurrrækt á opnum svæðum. Séð verður til þess að samgöngukerfi séu örugg, hreinsuð reglulega og búnaði vel viðhaldið. Aukið aðgengi verði að útivistarsvæðum og aðstaða bætt.

Aðgerðaráætlun 2024 -mælanlegt markmið 2024

U.3.1.1 Skráðar niður upplýsingar um gerð, aðstöðu og staðsetningu allra leiksvæða í bænum og gert aðgengilegt í landupplýsingakerfi og á heimasíðu Kópavogs

Staða maí 2024: **Sumarstarfsmaður hefur verið ráðin í þetta verkefni og verður það unnið í sumar.**

Q1		Q2		2024		Q3		Q4	
U.3.1.1.1 Öll leiksvæði skráð í landupplýsingakerfi í gagnagrunn									

U.3.2 Bæta umferðaröryggi allra vegfarenda óháð ferðamáta

Stefnt er að því að fjölga aðgerðum til að hindra gálausan akstur á götum, göngu- og hjólastigum í bænum. Lögð verði áhersla á öryggismál allra vegfaranda t.d. með endurbættum þverunum við gönguleiðir barna og viðhaldi stíga. Áframhaldandi vetrarþjónustu á götum og göngustígum til að tryggja samgöngur og öryggi gangandi vegfarenda.

Aðgerðaráætlun 2024 -mælanlegt markmið 2024

U.3.2.1 Framkvæmdar verða 3-4 aðgerðir til að bæta umferðaröryggi í samræmi við umferðaröryggisáætlun.

Staða maí 2024: **Hefur verið lokið við eina framkvæmd á þessu ári og að minnst þrjár aðgerðir eru í vinnslu.**

2024				
Q1	Q2	Q3	Q4	
U.3.2.1.1 Farið verður í umbóta verkefni í tengslum við umferðaröryggi. S.s. Gönguþveranir, lýsing gönguþverana og hraðatakmarkað aðgerðir				

U.3.2.2 Útbúin verður og samþykkt hámarkshraðaáætlun fyrir árslok 2024. Gerðar verða breytingar á götum í samræmi við hámarkshraða sem lýkur á árinu 2026.

Staða maí 2024: **Lokið**



Q1	Q2	Q3	Q4
U.3.2.1 Hámarkaðabætur fullinn og samþykkt af bæjartjórn árið 2024. Gerðar breytingar á götuskipulagi í samræmi við nýjan hámarkaða 2025 og 2026			

U.3.3 Umhverfissvænar lausnir í viðhaldi og rekstri

Stefnt er að því að auka gróður innan og utan þéttbýlis. Umhverfissvænar lausnir verði hafðar að leiðarljósi við allan rekstur og framkvæmdir deildarinnar og gerðar kröfur um að verktakar hugi einnig að þessum málum.

Aðgerðaráætlun 2024 -mælanlegt markmið 2024

U.3.3.1 Talning og skráning á sorptunnum með nýrri flokkun í bænum verið lokið fyrir árslok 2024.

Staða maí 2024: Verkefninu er lokið.

Q1	Q2	Q3	Q4
U.3.3.1.1 Helmsótt verði öll íbúðarhús í bænum og skráð niður fjöldi og tegund sortanna miðað úrgangsflokk.			

U.3.3.2 Auka sjálfbærni í garðyrkjuverkefnum með framleiðslu á moltu. Búin verður til molta úr slegnu grasi og trjáklippum af landi bæjarins.

Staða maí 2024: Verkefninu er lokið

Q1	Q2	Q3	Q4
U.3.3.2.1 Útbúi verður aðstaða til að safna saman slegnu grasi og trjáklippum. Öllu slegnu grasi og hluta af klippum trjágreinum safnað saman og hærri reglulega í svo úr verði molta. Molta nýtt sem			

U.4 Fasteignir með áherslu á orkunotkun og innivist

Eignadeild þjónustar innri hagsmunaaðila í samskiptum við eftirlitsaðila og verktaka. Einnig þjónustar deildin stjórnendur við að framfylgja lögum er varðar aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum. Þar að auki sér deildin um að íbúar leiguíbúða á vegum sveitafélagsins fái þjónustu er varðar viðhald og endurbætur. Þjónustan er veitt á grundvelli húsaleigulaga nr. 36/1994, mannvirkjalögum nr. 160/2010 og lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980

Eignadeild annast viðhald og endurbætur á leiguíbúðum og öðrum fasteignum í eigu sveitarfélagsins. Deildin kemur einnig að innkaupum á tækjum og búnaði vegna þeirra. Auk þess sér deildin um rekstur smíðahúss.

U.4.1 Eftirlit með fasteignum bæjarins

Stefnt er að því að auka eftirlit með eignum Kópavogsbæjar. Liður í því er að gera markvissa áætlun um ástandsskoðun og framfylgja henni. Ástandsskoðun fer fram reglulega til að fyrirbyggja þann skaða sem kann að verða á fasteignum vegna slæms viðhalds. Sérstök áhersla verður lögð á ástandsskoðun og eftirlit með leikskólum bæjarins og loftræstikerfum til að tryggja loftgæði og líðan þeirra sem nota fasteignir bæjarins.

Aðgerðaráætlun 2024 -mælanlegt markmið 2024

U.4.1.1 Fyrirbyggjandi viðhald. Núll stefna til að koma í veg fyrir stórtjón og stórar viðhaldsaðgerðir fyrirvaralaust.

Staða maí 2024: Mikil vinna hefur verið unnin til að koma í veg fyrir veruleg tjón og viðhaldsaðgerðir. Þeirri vinnu er hins vegar hvergi nærri lokið. Verkefnið er umfangsmikið og því miður eru enn að koma upp tilvik, nú síðast í leikskólanum Álfaheiði.



Q1		Q2		2024		Q3		Q4	
U.4.1.1.1 Fjármagn til viðhalds verði aukð. Eðlilegt viðhald er 2.2% af brunabótamál en hefur verið mun lægra um áráðið.									

U.4.1.2 Að amk. 3 loftræstikerfi í húsnæði í eigu bæjarins séu yfirfarin og endurnýjuð eftir þörfum.

Staða maí 2024: Nú þegar hefur verið lokið við að yfirfara tvö loftræstikerfi.

Q1		Q2		Q3		Q4	
U.4.1.2.1 Yfirfara 3 loftræstikerfi							

U.4.1.3 Áframhaldandi eftirlit með að húsfélög sinni viðhaldi á sameign í húsum þar sem Húsnæðisnefnd Kópavogs á íbúðir. Gera þarf amk 12 á ári.

Staða maí 2024: Verkefnið er í vinnslu. Eftirlitsmaður eigna fer reglulega í vettvangsferðir í íbúðir í eigu húsnæðisnefndarinnar og nýtir þá tækifæri til að benda húsfélögum á aðkallandi verkefni.

2024										
Q1			Q2			Q3			Q4	
U.4.1.3.1 Úttektir á amk. einni sameign í hverjum mánuði í húsum sem HNK á íbúðir.										

U.4.1.4 Kortleggja fjölda eldhúsa í stofnunum sem ekki hafa fitugildru sem lið í að koma í veg fyrir að notendur á vegum bæjarins valdi tjóni á lagnakerfi bæjarins.

Staða maí 2024: Búið að kortleggja hvar fitugildirur eru til staðar. Sett verður fitugildra í leikskólana Læk og Núp í sumar skv. forgangsörðun fráveitumanna.

2024			
Q1	Q2	Q3	Q4
U.4.1.4.1 Ljós yfirferð tekið og staðfesta á staðnum hvort flugldra er til staðar. Fyrsti fari í verkefni sem lýkur 2020. Mæti í sameign við getaðeðlðfráveitu hvar er mest hættu á stífum í			

U.4.2 Samstarf við innri þjónustuaðila

Náið samstarf við önnur svið tryggir góða þjónustu við bæjarbúa varðandi húsnæði í rekstri deildarinnar og skráningu gagna. Með því að auka samvinnu við framkvæmdadeild mun gæði framtíðarfasteigna og innanstokksmuna þeirra aukast, rekstur fasteignarinnar verður hagkvæmari og nýting betri fyrir bæjarfélagið.

U.4.3 Orkunýting í stofnunum bæjarins

Stefnt er að því að eftirfylgni orkunotkunar í stofnunum sveitafélagsins muni aukast og að orkunýting stofnanna sveitarfélagsins verði bætt. Aðgerðirnar munu til langs tíma lækka rekstrarkostnað bæjarins ásamt því að stuðla að umhverfissvænnu bæjarfélagi. Til að árangur náist verður fjárfest í orkusparandi búnaði og tækjum.

Aðgerðaráætlun 2024 -mælanlegt markmið 2024

U.4.3.1 Búnaður í eigu bæjarins verði endurnýjaður og nútímavæddur til að bæta orkunýtingu og lækka orkunotkun, skv. lögum. Ekki komi upp tilvik þar sem orkunotkun vikur meira en 5 % frá meðalári.

Staða maí 2024: Fjárfesting sem fékkst til LED væðingar hefur verið fullnýtt. Mikilvægt er að flýta þessu verkefni enn frekar þar sem erfitt er orðið að fá perur í eldri lampa og umtalsverður sparnaður sem næst bæði í orkunotkun og viðhaldskostnaði. Einnig er verið að endurnýja stýribúnað á hitakerfum í knatthúsunum sem ætti að skila sér hratt til baka.

Q1		Q2		Q3		Q4	
U.4.3.1.1 Hraða útskiptingu í stofnunum bæjarins. Að fylgt verði með frávikum í orkunotkun stofnanna. Að ekki komi upp tilvik þar sem orkunotkun vikur meira en 5 % frá meðalári.							



U.5 Umhverfissvæn skipulagsheild

Skipulagsdeild þjónustar alla þá er þurfa ráðgjöf eða upplýsingar er varðar skipulagsmál í bæjarlandi Kópavogsbæjar. Einnig sér deildin um að auglýsa og upplýsa bæjarbúa og aðra hagsmunaraðila um allt það er viðkemur skipulagi sveitarfélagsins auk þess að fara eftir þeim ábendingum sem til deildarinnar koma. Þjónusta deildarinnar byggir á skipulagslögum nr. 123/2010, lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og náttúruverndarlögum nr. 60/2013 auk annarra laga er viðkemur skipulagsmálum.

Skipulagsdeild gegnir því hlutverki að hafa umsjón með skipulagi sveitarfélagsins og ber ábyrgð á úrvinnslu þeirra erinda er berast skipulagsráði.

U.5.1 Gæði í byggðum hverfum

Stefnt er að því að auka lífsgæði þeirra íbúa sem búa í þegar byggðum hverfum með hliðsjón af breyttu skipulagi og þéttari byggð. Við gerð nýs skipulags skal sjálfbærni vera í forgrunni og tekið tillit til allra þátta.

Aðgerðaráætlun 2024 -mælanlegt markmið 2024

U.5.1.2 Gæði byggðar í Auðbrekku aukin og unnin verði heildaráætlun fyrir þróunarsvæði Auðbrekku fyrir árslok 2024

Staða maí 2024: **Vinna við skipulagslýsingu fyrir Auðbrekku er hafin.**



U.5.1.3 Gæði byggðar vestast á Kársnesi aukin og unnin verði heildaráætlun fyrir þróunarsvæði Kársness fyrir árslok 2024

Staða maí 2024: **Skipulagslýsing er í kynningu fyrir rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði á vestanverðu Kársnesi. Samkvæmt tímaáætlun er gert ráð fyrir að vinnslutillaga liggja fyrir á haustmánuðum.**



U.5.2 Efla íbúasamráð

Íbúasamráð verður eftt með hliðsjón af þeim tækifærum sem bjóðast í nýrri tækni. Með nýrri tækni verður stuðlað að því að auka sýnileika skipulagsáætlana og fá sjónarhorn íbúa á öllum aldri í skipulagsferli allt frá upphafi til loka ákvarðana þannig að víðtæk þátttaka sé tryggð.

Aðgerðaráætlun 2024 -mælanlegt markmið 2024

U.5.2.2. Aukin skilvirkni umsókna og erinda til skipulagsfulltrúa með að færa umsóknir og erinda alfarið í þjónustugátt. Rafrænt ferli

Staða maí 2024: **Drög fyrir rafrænt umsóknareyðublað fyrir deiliskipulagsbreytingu og eyðublað fyrir fyrirspurn til skipulagsfulltrúa liggja fyrir. Í vinnslu hjá skjaltastjóra.**





U.5.3 Umhverfissvænt skipulag

Við skipulag nýrra og eldri byggða verði umhverfismál og sjálfbærni höfð að leiðarljósi. Óþarfa rask á lífríki og náttúru verði sem minnst og íbúar fái tækifæri til að njóta umhverfissvænni ferðamáta og lífneris.

Aðgerðaráætlun 2024 -mælanlegt markmið 2024

U.5.3.1 Aukin áhersla á sjálfbærar lausnir í skipulagsskilmálum nýrra deiliskipulaga og gerð verði grein fyrir þeim. Allar deiliskipulagsáætlanir geri ráð fyrir umhverfissvænum lausnum

Staða maí 2024: Ávallt unnið er eftir markmiði við skipulagsgerð.



U.5.3.2 Lögð verði áhersla á blágrænar ofanvatnslausnir á lóðum í nýjum skipulagsáætlunum og þegar gerðar eru breytingar á lóðum í gildandi áætlunum.

Staða maí 2024: Námskeið haldið um blágrænar ofanvatnslausnir og útfærslur mars 2024 fyrir alla starfsmenn Umhverfissviðs. Krafa um að lóðarhafa sýni útfærslu ofanvatnslausna í byggingaráformum bætt við skipulagsskilmála.



U.6 Rafræn samskipti og sýnileiki við byggingarframkvæmdir

Byggingarfulltrúi sér um byggingarmál á byggingarstigi, byggingareftirlit, skráning í fasteignaskrá, álagningu gatnagerðargjalda og umhverfismál. Byggingarfulltrúi þjónustar íbúa og aðra hagsmunaaðila við nýbyggingar og eftirlit með þeim ásamt eftirliti með breytingum er varðar byggingarreglugerð á eldra húsnæði. Embættið gætir hagsmuna allra við yfirferð teikninga og úttekta á öllum byggingum í sveitafélaginu.

Þjónusta embættisins byggir á lögum um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggildum kaupsúnum o.fl. nr. 75/1917, skipulagslögum nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010.

U.6.1 Eftirlit með byggingum

Stefnt er að því að finna skilvirkari leiðir til eftirlits með byggingum á landi sveitarfélagsins. Með þessum hætti er hægt að auka öryggi og gagnsæi við nýbyggingar og breytingar á eldra húsnæði.

Aðgerðaráætlun 2024 -mælanlegt markmið 2024

U.6.1.1 Að 90% af úttektum og framkvæmdum með rafrænum hætti í maí 2023, 99% í lok árs 2024.

Staða maí 2024: Allar úttektir byggingarfulltrúa eru nú þegar rafrænar og nær allar úttektir byggingarstjóra.



U.6.1.2 Fjölga skoðunum á þegar byggðum mannvirkjum, heimsækja mannvirki.

Staða maí 2024: Úttektarferðir eru nýttar til að skoða í leiðinni þegar byggð mannvirki sem byggingarfulltrúa embættið hefur grun/vitneskju um að eitthvað sé ekki samkvæmt samþykktum



hönnunargögnum,lögum eða reglum. Auk þessa eru þegar byggð mannvirki skoða þegar innsendar kvartanir og ábendingar berast.

2024				
Q1	Q2	Q3	Q4	
U.6.1.2.1 Starfsmenn fari í meira eftirlit með þegar byggðum mannvirkjum á landi sveitafélagsins.				

U.6.1.3 Tryggja símenntun starfsmanna er varðar lög og reglugerðir bygginga þannig að starfsmaður sækir að lágmarki eitt námskeið eða ráðstefnu á árinu 2024

Staða maí 2024: Flest námskeið/ráðstefnur eru á haustin. Fyrirhugað er að meirihluti starfsmanna byggingarfulltrúi fari á námskeið í haust.

2024				
Q1	Q2	Q3	Q4	
U.6.1.3.1 Starfsmaður sækir að lágmarki eitt námskeið/ráðstefnu á árinu 2024.				

U.6.2 Rafræn samskipti við þjónustuþega

Stefnt er að því að íbúar og þeir sem standa að framkvæmdum fái skjóta og góða afgreiðslu erinda sinna rafrænt í gegnum þjónustuvef Kópavogsbæjar. Með því er hægt að auka ánægju þjónustuþega og gera þjónustu skilvirkari.

Aðgerðaráætlun 2024 -mælanlegt markmið 2024

U.6.2.1 Efla byggingarumsóknarferlið þannig það sé aðgengilegt þjónustuþegum á einfaldan hátt í gegnum rafræna gátt. 99% umsókna fari í gegnum rafræna gátt í lok árs 2024.

Staða maí 2024: Ríflega 95% umsókna um byggingarleyfi fara nú þegar í gegnum rafræna gátt.

2024				
Q1	Q2	Q3	Q4	
U.6.2.1.1 Gera aðgengi þjónustuþega að rafrænum samskiptum einfaldari. Búa til leiðbeiningar sem styra þjónustuþega í gegn um ferlið.				

U.6.2.3 Tryggja að rafræn eyðublöð sé uppfærð vegna breyttra verklagsreglna, svo samskipti við þjónustuþega séu skilvirk 90% í lokið fyrir lok árs 2024.

Staða maí 2024: Verkefni er vel á veg komið

2024				
Q1	Q2	Q3	Q4	
U.6.2.3.1 Halda starfsmannfund að minnstakosti annan hvorn mánuð, þar sem farið er yfir hvaða verklagsreglur hafa breyst sem leiði af sér að uppfæra þessi eyðublöð.				

U.6.2.4 Búa til stöðluð bréf og svarbréf fyrir óleyfisframkvæmda og fyrirspurna til byggingarfulltrúa. 6 bréf/svarbréf verði tilbúin fyrir lok árs 2024.

Staða maí 2024: Verkefni er hafið.

2024				
Q1	Q2	Q3	Q4	
U.6.2.4.1 Halda starfsmannfund að minsta kosti annan hvorn mánuð, þar sem farið er yfir hvaða bréf/svarbréf þurfi helst á að halda og gera drög að þeim fyrir næsta fund.				



Viðauki 1 Aðgerðaráætlun Umhverfissvið 2024

Stefnuáhersla U.1 -
Umhverfið og góð
þjónusta í forgang

Meginmarkmið	Mælanleg markmið (SMART skilgreining)	Mælikvarði	Aðgerðir	Málaflokkur / deild(ir)
U.1.1 - Tryggja bæjarbúum góða innviði	U.1.1.1 Yfirfara og bæta verkferla þegar kemur að eftirliti og verkefnastýringu til að fá betri yfirsýn og móta heildarverkferil fyrir stýringu verkefna	Er búið að yfirfara verkferla vegna eftirlits og verkefnastýringar?	U.1.2.1.1 Vinnuhópur verkefnastjóra sem stýra verkefnum og verkefnastjóra gæðamála,	Skrifstofa sviðsstjóra Framkvæmdadeild Eignadeild HM16
U.1.2 Stuðla að sjálbærara og umhverfisvænna bæjarfélagi	U.1.2.1 Endurmenntun - sjá til að starfsmenn séu upplýstir um nýjar umhverfisvænar og sjálfbærar lausnir	Fjöldi fræðslufunda / námskeiða árið 2024	U.1.2.2.1 Allar deildir fá fæðslu eða námskeið þegar við á.	Skrifstofa sviðsstjóra
	U.1.2.2 Koma á kröfum til framkvæmdaaðila í bænum um umhverfissjónarmið og kolefnisspor inn í samninga fyrir árslok 2024	Hlutfall samninga sem búið er að setja skilyrði í um umhverfissjónarmið og kolefnisspor 2024	U.1.2.3.1 Skilyrði sett í samninga við framkvæmdaaðila í bænum, skoða hvort byggingarfulltrúi geti gert meiri kröfur við útgáfu byggingarleyfis	Framkvæmdadeild Byggingarfulltrúi Lögfræðideild HM 3, 13 Lýðheilsustefna (umhverfi)
U.1.3. Skilvirk þjónusta	U.1.3.1 Yfirfara verkferla og búa til þá verkferla sem vantar til að bæta skilvirka þjónustu	Fjöldi yfirfarinna og nýrra ferla	U.1.1.3.1 Unni verð þvert á deildir og yfirferð verkefna og samþættingu á milli deilda	Skrifstofa sviðsstjóra HM16

Stefnuáhersla U.2 -
Umhverfisvæn
uppbygging

Meginmarkmið	Mælanleg markmið (SMART skilgreining)	Mælikvarði	Aðgerðir	Málaflokkur / deild(ir)
U.2.1 - Áhersla á þarfir og umhverfi notenda	U.2.1.1 Auka samráð í fjárfestingaverkefnum með útgáfu ferla og verkfallsreglna sem gera ráð fyrir aukinni aðkomu hagsmunaðila.	hefur nýr verkferill verið innleiddur?	U.2.1.1.1 Gerð gæðafarla um hlutverk og aðkomu starfsmanna umhverfissviðs í fjárfestingarverkefnum	Framkvæmdadeild HM16
U.2.2 - Uppbygging gatna og veitna	U.2.2.1 Að markvisst verði farið í að skoða fráveitulagnir bæjarins og skráð hvar endurnýjunar er þörf þannig að 100% fráveitulagna hafi verið yfirfarnar í lok 2028 , fyrir árslok 2024 verður 20% fráveitulagna verið yfirfarnir	Hlutfall fráveitulagna sem hafa verið yfirfarnar á hverju ári	U.2.2.1.1 Við endurnýjun gatna skulu lagnir metnar og núverandi lagnir verði jafnóðum skráðar í landupplýsingakerfið.	Framkvæmdadeild Gatnadeild Lýðheilsustefna HM6,9
U.2.3 - Aðgengi uppfærðra gagna	U.2.3.1 að auka nýtingu landupplýsingakerfis hjá starfsmönnum umhverfissviðs og að 30% af starfsmönnum umhverfissviðs hafi setið námskeið á árinu 2024	hlutfall starfsmanna sem hafa setið námskeið	U.2.3.1.1 Landupplýsingarstjóri í samráði við Deildarstjóra finni og auglýsi námskeið, og bjóði starfsmönnum námskeið.	Framkvæmdadeild



Stefnuáhersla U.3 - Áhersla á umhverfismál og umferðaröryggi

Meginmarkmið	Mælanleg markmið (SMART skilgreining)	Mælikvarði	Aðgerðir	Málaflokkur / deild(ir)
U.3.1 - Áframhaldandi áhersla á umhirðu, aðgengi og aðstöðu	U.3.1.1 Skráðar niður upplýsingar um gerð, aðstöðu og staðsetningu allra leiksvæða í bænum og gert aðgengilegt í landupplýsingakerfi og á heimasíðu Kópavogs	Hlutfall skráðra leiksvæða	U.3.1.4.1 Öll leiksvæði skráð í landupplýsingakerfi í gagnagrunn	Gatnadeild Landupplýsingar UT deild Lýðheilsustefna Barnasáttm. 3 og 6 gr. HM11
U.3.2 - Bætt umferðaröryggi allra vegfarenda óháð ferðamáta	U.3.2.1 Framkvæmdar verða 3-4 aðgerðir til að bæta umferðaröryggi í samræmi við umferðaröryggisáætlun.	Fjöldi aðgerða	U.3.2.3.1 Farið verður í umbótaverkefni í tengslum við umferðaröryggi. S.s. Gönguþveranir, lýsing gönguþverana og hraðatakmarkandi aðgerðir	Gatnadeild Öryggisstefna Barnasáttm. 3., 6., 24gr HM11
	U.3.2.2 Útbúin verður og samþykkt hámarkshraðaáætlun fyrir árslok 2024. Gerðar verða breytingar á götum í samræmi við hámarkshraða sem lýkur á árinu 2026.	Hámarkshraðaáætlun verið samþykkt í bæjarstjórn	U.3.2.4.1 Hámarkshraðaáætlun fullunnin og samþykkt af bæjarstjórn árið 2024. Gerðar breytingar á götuskipulagi í samræmi við nýjan hámarkshraða 2025 og 2026	Gatnadeild Öryggisstefna Barnasáttm. 3., 6., 24gr HM11
U.3.3 - Umhverfisvænar lausnir í viðhaldi og rekstri	U.3.3.1 Talning og skráning á sorptunnum með nýrri flokkun í bænum verið lokið fyrir árslok 2024.	Fjöldi sorptunna	U.3.3.4.1 Heimsótt verði öll íbúðarhús í bænum og skráð niður fjöldi og tegund sorptunna miðað úrgangsflokk.	Gatnadeild HM11
	U.3.3.2 Auka sjálfbærni í garðyrkjuverkefnum með framleiðslu á moltu. Búin verður til molta úr slegnu grasi og trjáklippum af landi bæjarins.	Magn moltu sem er framleidd.	U.3.3.5.1 Útbúin verður aðstæða til að safna saman slegnu grasi og trjáklippum. Öllu slegnu grasi og hluta af klipptum trjágreinum safnað saman og hrært reglulega í svo úr verði molta. Molta nýtt sem jarðvegsbætir og í garðyrkjuverkefni	Gatnadeild Lýðheilsustefna HM11

Stefnuáhersla U.4 - Fasteignir með áherslu á orkunotkun og loftgæði

Meginmarkmið	Mælanleg markmið (SMART skilgreining)	Mælikvarði	Aðgerðir	Málaflokkur / deild(ir)
U.4.1 - Eftirlit og viðhald fasteigna bæjarins	U.4.1.1 Fyrirbyggjandi viðhald. Núll stefna til að koma í veg fyrir stórtjón og stórar viðhaldsaðgerðir fyrirvaralaust.	Fjöldi fyrirvaralausra stórviðgerða, þar sem stórviðgerð er skilgreind sem hærri en 30 m kr	U.4.1.1.1 Fjármagn til viðhalds verði aukið. Eðlilegt viðhald er 2,2% af brunabótamati en hefur verið mun lægra um árabíl.	Eignadeild

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026



	U.4.1.2 Að amk. 3 loftræstikerfi í húsnæði í eigu bæjarins séu yfirfarin og endurnýjuð eftir þörfum.	Fjöldi sem þarf að yfirfara og endurnýja	U.4.1.2.1 Yfirfara 3 loftræstikerfi	Eignadeild HM 3
	U.4.1.3 Áframhaldandi eftirlit með að húsfélög sinni viðhaldi á sameign í húsum þar sem Húsnæðisnefnd Kópavogs á íbúðir. Gera þarf amk 12 á ári.	Fjöldi úttekt á sameignum í húsum sem HNK á íbúðir í.	U.4.1.3.1 Úttektir á amk. einni sameign í hverjum mánuði í húsum sem HNK á íbúðir.	Eignadeild Húsnæðisnefnd HM11
	U.4.1.4 Kortleggja fjölda eldhúsa í stofnunum sem ekki hafa fitugildru sem lið í að koma í veg fyrir að notendur á vegum bæjarins valdi tjóni á lagnakerfi bæjarins.	Hlutfall framleiðslueldhúsa sem ekki hafa fitugildru	U.4.1.5.1 Ljúka yfirferð teikninga og staðfesta á staðnum hvort fitugildra er til staðar. Fyrsti fasi í verkefni sem lýkur 2030. Meta í samstarfi við gatnadeild/fráveitu hvar er mest hætta á stíflum í fráveitukerfi og forgangsraða	Eignadeild HM 3, 13 Barnasáttm.2., 6gr HM6
U.4.3 - Orkunýtingu í stofnunum bæjarins	U.4.3.1 Búnaður í eigu bæjarins verði endurnýjaður og nútímavæddur til að bæta orkunýtingu og lækka orkunotkun, skv. lögum. Ekki komi upp tilvik þar sem orkunotkun vikur meira en 5 % frá meðalári.	Útskipti búnaðar, mismunur á uppsettu afli eldri/nýs búnaðar.	U.4.3.1.1 Lög um bann við innflutningi á flúr-og sparperum sem þýðir hraða útskiptingu í stofnunum bæjarins. Mun leiða til orkusparnaðar. Að fylgst verði með frávikum í orkunotkun stofnana. Að ekki komi upp tilvik þar sem orkunotkun vikur meira en 5 % frá meðalári.	Eignadeild HM 3, 13

Stefnuáhersla 5 -
Umhverfisvæn
skipulagsheild

Meginmarkmið	Mælanleg markmið (SMART skilgreining)	Mælikvarði	Aðgerðir	Málaflokkur / deild(ir)
U.5.1 - Gæði byggðar	U.5.1.2 Gæði byggðar í Auðbrekku aukin og unnin verði heildaráætlun fyrir þróunarsvæði Auðbrekku fyrir árslok 2024	Hefur heildaráætlun verið unnin fyrir þróunarsvæði í Auðbrekku	U.5.1.2.1 Heildaráætlun unnin fyrir þróunarsvæði Auðbrekku	Skipulagsdeild
	U.5.1.3 Gæði byggðar vestast á Kársnesi aukin og unnin verði heildaráætlun fyrir þróunarsvæði Kársness fyrir árslok 2024	Hefur heildaráætlun verið unnin fyrir þróunarsvæði á Kársnesi	U.5.1.3.1 Heildaráætlun unnin fyrir þróunarsvæði Kársness	Skipulagsdeild
U.5.2 Þátttaka íbúa	U.5.2.2. Aukin skilvirkni umsókna og erinda til skipulagsfulltrúa með færa umsóknir og erinda alfarið í þjónustugátt. Rafænt ferli	Hafa rafrænar umsóknir til skipulagsfulltrúa komist á í gegnum þjónustugátt	U.5.2.2.1 Umsóknir og erindi til skipulagsfulltrúa verði rafræn í gegnum þjónustugátt.	Skipulagsdeild HM9
U.5.3 - Umhverfisvænt skipulag	U.5.3.1 Aukin áhersla á sjálfbærar lausnir í skipulagsskilmálum nýrra deiliskipulaga og gerð verði grein fyrir þeim. Allar deiliskipulagsáætlanir geri ráð fyrir umhverfisvænum lausnum	Hlutfall deiliskipulagsáætlana sem gerir ráð fyrir umhverfisvænum lausnum	U.5.3.1.1 Sjálfbærar lausnir hafðar að leiðarljósi við gerð nýs deiliskipulags. Aukin fræðsla og menntun starfsfólks deildarinnar í umhverfisvænum lausnum og mögulegum útfærslum.	Skipulagsdeild Lýðheilsustefna (umhverfi) HM11



	U.5.3.2 Lögð verði áhersla á blágrænar ofanvatnslausnir á lóðum í nýjum skipulagsáætlunum og þegar gerðar eru breytingar á lóðum í gildandi áætlunum.	Hefur nýju verklagi um áherslur á blágrænar ofanvatnslausnir verið komið	U.5.3.2.1Blágrænar ofanvatnslausnir í áætlunum	Skipulagsdeild, framkvæmdadeild Lýðheilsusteefna (umhverfi) HM13
--	---	--	--	--

Stefnuáhersla 6 -
Rafræn samskipti og
sýnileiki við
byggingarframkvæmdir

Meginmarkmið	Mælanleg markmið (SMART skilgreining)	Mælikvarði	Aðgerðir	Málaflokkur / deild(ir)
U.6.1 - Eftirlit með byggingum	U.6.1.1 Að 90% af úttektum og framkvæmdum með rafrænum hætti í maí 2023, 99% í lok árs 2024.	Hlutfall úttekta framkvæmdar með rafrænum hætti.	U.6.1.1.1 Að halda sama vinnulagi áfram og temja sér að nota rafrænt kerfi við úttektir bygginga og nota til þess spjaldtölvur og dróna.	Byggingarfulltrúi HM9
	U.6.1.2 Fjölga skoðunum á þegar byggðum mannvirkjum, heimsækja mannvirki.	Fjöldi skoðana.	U.6.1.2.1 Starfsmenn fari í meira eftirlit með þegar byggðum mannvirkjum á landi sveitafélagsins.	Byggingarfulltrúi Eignadeild HM16
	U.6.1.3 Tryggja símenntun starfsmanna er varðar lög og reglugerðir bygginga þannig að starfsmaður sæki að lágmarki eitt námskeið eða ráðstefnu á árinu 2024	Hlutfall starfsmanna sem hafa farið á námskeið.	U.6.1.3.1 Starfsmaður sæki að lágmarki eitt námskeið/ráðstefnur á árinu 2024.	Byggingarfulltrúi HM16
U.6.2 - Rafræn samskipti við þjónustuþega				Byggingarfulltrúi / Stjórnsýslusvið
	U.6.2.1 Efla byggingarumsóknarferlið þannig það sé aðgengilegt þjónustuþegur á einfaldan hátt í gegnum rafræna gátt. 99% umsókna fari í gegnum rafræna gátt í lok árs 2024.	Hlutfall umsókna á rafrænu formi.	U.6.2.2.1 Gera aðgengi þjónustuþega að rafrænum samskiptum einfaldari. Búa til leiðbeiningar sem stýra þjónustuþega í gegn um ferlið.	Byggingarfulltrúi / Stjórnsýslusvið HM9
	U.6.2.3 Tryggja að rafræn eyðublöð sé uppfærð vegna breyttra verklagsreglna, svo samskipti við þjónustuþega séu skilvirk 90% í lokið fyrir lok árs 2024.	Fjöldi eyðublaða	U.6.2.3.1 Halda starfsmannfund að minnstakosti annan hvorn mánuð, þar sem farið er yfir hvaða verklagsreglur hafa breyst sem leiði af sér að uppfæra þurfi eyðublöð.	Byggingarfulltrúi / Stjórnsýslusvið HM16
	U.6.2.4 Búa til stöðluð bréf og svarbréf fyrir óleyfisframkvæmda og fyrirspurna til byggingarfulltrúa. 6 bréf/svarbréf verði tilbúin fyrir lok árs 2024.	Fjöldi staðlaðra bréfa/svarbréfa	U.6.2.4.1 Halda starfsmannfund að minnsta kosti annan hvorn mánuð, þar sem farið er yfir hvaða bréf/svarbréf þurfi helst á að halda og gera drög að þeim fyrir næsta fund.	Byggingarfulltrúi HM16